SÆRAF EHF

Tölvuverslun
Tölvuviðgerðir
Rafeindaþjónusta
Siglingatækjaþjónusta

Opið alla virka daga kl. 10-17

Silfurgötu 5 Ísafirði • Sími: 450 6000 - 861 7360 - 891 8260 - sraf.is

Gömul sál með græna fingur

Hildur Dagbjört Arnardóttir

Landslagsarkitektinn Hildur Dagbjört ræðir hugmyndir sínar um félagslandbúnað á Ísafirði, þar sem hún hyggst rækta lífrænt grænmeti þar sem notast verður meðal annars við lífrænt sorp úr sveitarfélaginu til moltugerðar. Hildur Dagbjört er nýkomin heim aftur eftir áralanga búsetu í Noregi þar sem óhætt er að segja að hún hafi ávaxtað pund sitt vel, en hún er fjórum börnum ríkari, þar sem það elsta er á sjötta ári. Í viðtalinu er komið víða við og meðal annars rætt um fegurðardýrkunina sem tröllríður öllu um þessar mundir.

– sjá bls. 6 – 12

Óháð fréttablað á Vestfjörðum

BÆJARINS BESTA

Stofnað 14. nóvember 1984 · Fimmtudagur 17. mars 2016 · 11. tbl. · 33. árg. ·Ókeypis eintak

Rok í Bolungarvíkurhöfn

Mynd: Hafþór Gunnarsson

HAMRABORG

Hamraborg ehf • Hafnastræti 7
Sími 456 3166

HAMRABORG SAMLOKA Geymist við 0-4°C
með hangikjöti og salati

HAMRABORG SAMLOKA Geymist við 0-4°C
með roastbeef

HAMRABORG SAMLOKA Geymist við 0-4°C
með kjúklingasalati

HAMRABORG SAMLOKA Geymist við 0-4°C
með rækjum og eggjum

Alltaf nýsmurt

Atvinna

Ísfell ehf. óskar eftir starfsmanni á nótastöð fyrir fiskeldisnætur

Ísfell er eitt öflugasta fyrirtæki á sviði veiðarfæraþjónustu á Íslandi. Fyrirtækið rekur alhliða heildsölu með útgerðar-, björgunar- og rekstrarvörur að Óseyrarbraut 28 í Hafnarfirði. Að auki rekur Ísfell veiðarfæragerðir á sex stöðum á landinu. Sterk staða fyrirtækisins markast helst af góðu úrvali af gæðavörum, áreiðanleika gagnvart viðskiptavinum og frábæru starfsfólki með góða þekkingu á sviði veiðarfæra, útgerðar-, björgunar- og rekstrarvörur.

Ísfell óskar eftir öflugum starfsmanni í starf við fyrirhugaða nótastöð (þvottastöð fyrir fiskeldispoka) félagsins á Flateyri. Viðkomandi þarf að hafa góða þjónustulund og geta unnið á sveigjanlegum vinnutíma.

Æskileg starfsreynsla umsækjanda:

- Netaviðgerðir
- Vélavinna
- Almenn tölvukunnátta

Umsóknir sendist til Magnúsar Eyjólfssonar

á netfangið magnus@isfell.is fyrir 24. mars n.k.

Ísfell ehf, Óseyrarbraut 28 Hafnarfjörður, 5 200 5200, www.isfell.is

ÍSFELL

www.isfell.is

Húsnæði óskast

Íbúðarhús óskast til leigu á Ísafirði.

Barnafjölskylda óskar eftir einbýlishúsi, raðhúsi eða stórri íbúð til leigu.

Frá 1. ágúst í eitt ár, jafnvel lengur.

Upplýsingar í síma 898 0411

BÍLAVERIÐ ehf

Til sölu

Rekstur Bílaversins ehf (Hjólbarðaverkstæði Ísafjarðar) er til sölu með eða án húsnæðis.

Reksturinn samanstendur af hjólbarða-þjónustu, smurþjónustu, smáviðgerðum og varahlutasölu.

Til greina kemur að selja rekstrareiningar hverja fyrir sig.

Nánari upplýsingar fást hjá Guðmundi í síma 699 4053. Einnig er hægt að senda fyrir-spurn á netfangið ge@bilaverid.is

Auglýsingasími

bb.is er 456 4560

TORT
INNHEIMTA SLYSABÒTA

Aðalstræti 6 - 101 Reykjavík - Sími 511 5008 - **tort.is**

Gefðu sparnað í fermingargjöf

Gjafakort Landsbankans er góð leið til að gefa sparnað í fermingargjöf. Ef fermingarbarnið leggur 30.000 krónur eða meira í sparnað hjá Landsbankanum greiðir bankinn 6.000 króna mótframlag. Þannig getur gjafakortið lagt grunn að góðum fjárhag.

Kortið kemur í fallegum gjafaumbúðum og fæst í útibúum Landsbankans. Kynntu þér sparnaðarleiðir fyrir fermingarbarnið á klassi.is.



Erna Sóley Eyjólfsdóttir
Klassafélagi og karate–lærlingur

Landsbankinn landsbankinn.is 410 4000

Útgefandi: *Athafnagleði ehf., kt. 690715-0740*
Afgreiðsla og ritstjórn: *Mánagötu 2, Ísafirði, sími 456 4560*
Ritstjóri BB og bb.is: *Bryndís Sigurðardóttir, 896 9838, bb@bb.is*
Ábyrgðarmaður: *Bryndís Sigurðardóttir.*
Blaðamaður: *Smári Karlsson, 866-7604, smari@bb.is*
Auglýsingar: *Sími 456 4560, auglysingar@bb.is*
Prentvinnsla: *Litróf ehf.*
Upplag: *2.200 eintök*
Dreifing: *Íslandspóstur. Dreift án endurgjalds inn á öll heimili á norðanverðum Vestfjörðum*
Stafræn útgáfa: *www.bb.is / facebook.com/pages/bbis*
Önnur útgáfa: *Á ferð um Vestfirði*
ISSN 1670-021X

Tekið er á móti auglýsingum á póstfangið bb@bb.is. Auglýsingar þurfa að berast fyrir kl. 17 á mánudögum fyrir útgáfudag sem er almennt á fimmtudögum.

Ritstjórnargrein

Aldrei með líf og fjör

Það eru komnir páskar og jólin rétt nýbúin, það er eins gott að nýta tímann vel því hann flýgur framhjá. Í Bæjarins besta vikunnar er viðtal við ungan ísfirðing, hámenntaða og barnmarga konu með stórar hugmyndir, konu sem líkleg er til að flytja fjöll. Og við tökum smá snúning á sögu tónlistarhátíðarinnar Aldrei fór ég suður, hátíð sem hefur fest sig rækilega í sessi og dregur vestur heilan helling af fólki. Á flestum heimilum hér á hjaranum eru húsráðendur að týna til dýnur og sængurfatnað til að hýsa vini og vandamenn yfir páskahátíðina, gesti sem ætla að njóta tónlistar af bestu gerð, taka þátt skíðavikunni og njóta samvista við vestfirska vini sína.

Fyrir sunnan standa menn á rústum þjóðarspítalans og rífast um hvar næst skuli byggja og á meðan brennur. Stjórnmálamenn skipta oftar um staðsetningarskoðun en föðurlandið og stundum skiptir meginmáli að hafa flugvöll við hlið sjúkrahússins en stundum skiptir það engu máli. Þetta er ábyrgðalaust og þetta er óásættanlegt, verkinu lýkur aldrei ef ekki er hafist handa. Það er búið að taka ákvörðun, hún verður alltaf umdeild en það verður að hafa það. Áfram með smjörið, byggjum sjúkrahús.

Alþýðusamband Íslands hyggst endurvekja félagslegt íbúðakerfi og hefur hafið samstarf með Reykjavíkurborg, á kantinum er félagsmálaráðherra með lagabálka til stuðnings. Ráðherranum hefur reyndar ekki tekist vel hingað til að koma sínum málum í gegn í ríkisstjórn og á alþingi, vonandi fer það nú að ganga betur og að á koppinn komist alvöru og öruggur kostur fyrir fólk á leigumarkaði. Það er svo í framhaldinu ekkert því til fyrirstöðu að boltinn rúlli vestur og félagið byggi nýjar leiguíbúðir á Vestfjörðum.

Það er rólegheit í Bessastaðaslagnum og frekar í tísku að afneita framboði en staðfesta þátttöku. Allmargir liggja þó enn undir feld og íhuga framboð.

Bæjarins besta ætlar að taka páskafrí í dymbilvikunni og kemur næst út 31. mars.

BS

Spurning vikunnar

Ferðu á Aldrei tónleika?
Alls svöruðu 384.
Já, reikna með því, sögðu 187 eða 49%
Nei, því miður, sögðu 93 eða 24%
Hef ekki nokkurn áhuga á þessum hávaða, sögðu 104 eða 27%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.

66°NORÐUR markaður í kjallaranum, Aðalstræti 24, 23.-26. mars.

66 NORÐUR

25% afsláttur.

Opnunartími:

Miðvikudagur 12-18
Fimmtudagur 12-18
Föstudagur 12-18
Laugardagur 10-14

Minnum á vefverslun okkar www.66north.is.
Frí heimsending um allt land.

Gömul sál með græna fingur

Hildur Dagbjört Arnardóttir

Á sérlega fallegum góðviðrisdegi í síðustu viku tók blaðamaður Bæjarins besta hús á Hildi Dagbjörtu Arnardóttur á skemmtilegu heimili hennar. Heimilið hefur yfir sér listrænan og frjálslegan blæ og auðvelt er að láta sér detta til hugar að maður hafi komið inn af ísfirskri götu inn í íbúð í New York borg, síðan þegar litið er út um stóra gluggana á norðausturhlið hússins blasir við Snæfjallaströndin í allri sinni dýrð og kippir manni aftur til Vestfjarða.

Hildur Dagbjört er líka þannig að hún gæti verið hvaðan sem er, jafnvel úr ævintýri. Gömul sál með yfirbragð huldukonu, sem nafngiftin á sérlega vel við. Það er líf og fjör á stóru heimili hennar og eiginmannsins, Sveinbjörns Magnasonar, þau eiga saman fjögur börn, þar sem það elsta Kristín Eik er á sjötta ári, svo er það Örn Veturliði sem er á fjórða ári og tvíburarnir Vilborg Ása og Steinunn Fríða sem verða eins árs í sumar.

Barnalánið eitt og sér gefur tilefni til þess að forvitnast meira um þessa konu, að eiga fjögur ung börn á tímum þar sem fjölbarneignir eru hreint ekki í tísku. Kannski má leiða að því líkum að heimkoma Hildar sé ástæða þess að exelskjal Ísafjarðar fór á hliðina í dagvistunarmálunum. En barnalánið er þó ekki helsta ástæða viðtalsins.

Hildur Dagbjört er með háleitar hugmyndir, hún hefur verið óþreytandi í að vekja athygli fólks á hvernig það geti hagað lífi sínu með þeim hætti að það sé til tekna fyrir jörðina sem við byggjum. Í fyrrahaust hratt hún af stað vitundarvakningu um umbúðanotkun, þar sem hún hvatti fólk til að skilja umbúðir vara eftir í verslunum á umbúðalausa deginum og nú er hún komin á fullt með hugmynd sem gagnast bæði umhverfi okkar sem hér búum, sem og mannfólkinu, Félagslandbúnaðarfélagið Gróanda.

Hildur Dagbjört er landslagsarkitekt, með bakkalárgráðu í umhverfisskipulagsfræðunum frá Landbúnaðarháskólanum á Hvanneyri og meistaragráðu í landslagsarkitektúr sem hún lauk við norska Háskólann í Ási, þar sem hún var búsett um árabil.

Grænmetisgarðar fyrir samfélagið

Við byrjum á því að ræða hugmyndir og vinnu Hildar Dagbjartar við Gróanda. Félag sem stofnað var í janúarmánuði síðastliðnum.

„Ég nota orðið félagslandbúnaður yfir þetta. Þetta er félag með starfsmenn, sem leigir land og ræktar þar grænmeti. Félagsmenn borga félagsgjöld sem standa straum af kostnaðinum í kringum ræktunina. Þetta er ekki þannig að hver og einn sé með sinn reit og rækti þar sitt grænmeti og verji þar öllu sumarfríinu. Fólk þarf ekkert að vinna í þessu frekar en það vill, en svo verða sjálfboðavinnudagar þar sem allir sem vilja geta lagt hönd á plóg. Ég hugsa að þetta módel virki miklu betur fyrir alla aðila, enda er það að sprengja alla skala í Noregi núna þar sem þetta er mjög vinsælt. Til dæmis tvöfaldaðist fjöldi Félagslandbúnaðargarða árið 2014 og þeim fjölgar enn hratt. Þetta er búið að vera í gangi í Noregi frá árinu 2006, en þetta hefur verið til í heiminum alveg frá hippatímanum og hefur verið að ná góðri fótfestu um allan heim síðustu ár.

Þetta er náttúrulega frábær leið fyrir fólk til að geta gert eitthvað sjálft í málunum, að það hætti að bíða eftir að stjórnvöld taki í taumana og geri eitthvað. Þó það rækti ekki sitt grænmeti sjálft er þetta samvinnuverkefni. Það virkar þannig að fólk greiðir félagsgjöld og gegn því fær það vikulegan skammt af grænmeti yfir uppskerutímabilið.

Þegar ég kom hingað og fór í búðina, sá ég að val mitt stóð á milli þess að kaupa sprautað grænmeti í engum umbúðum, lífrænt grænmeti í tvöföldum umbúðum eða íslenskt grænmeti í tvöföldum umbúðum. Allir kostir slæmir. Ég vil geta keypt íslenskt eða lífrænt grænmeti í engum umbúðum. Ég er orðin mjög þreytt á öllum þessum umbúðum sem flæða yfir allt og eru í alltof miklum mæli. Þannig að ef við gerum þetta sjálf þá komumst við hjá þessu, sem og flutningi á grænmetinu yfir langan veg. Svo líka vita allir hvaðan grænmetið kemur og það verða engin slæm efni notuð við ræktunina, allt lífrænt – bara gott.“

Búið er að gera kostnaðar- og verkáætlun og segir Hildur Dagbjört að hún ætti að vera eins raunhæf og vel gerð og kostur er á. Ætlun félagsins er að rækta fyrir það fjármagn sem til er og ekki meir. Hugmyndin er einnig að komast hjá mikilli umsýslu og að fjármagni félagsins verði varið til framkvæmda.

Vonast til að komast af stað sem fyrst

Hildur Dagbjört hefur hugsað þetta alla leið og er með nýstárlegar hugmyndir sem ekki er verið að framkvæma í öðrum félagslandbúnaðargörðum í heiminum. Vill hún nota lífrænan úrgang frá sveitarfélaginu sjálfu til moltugerðar. Til að bæta ræktunarskilyrðin og þannig koma af stað hringrás þar sem heimilisúrgangur af svæðinu verði notaður til að búa til meiri mat.

„Núna er ég í harki að koma þessu af stað í sveitarfélaginu, að það fari að taka við lífrænum úrgangi sem fyrst svo verkefnið geti hafist. Ísafjarðarbær er með það á stefnuskrá sinni að bæta við móttöku á lífrænum úrgangi og þannig gripu þau þetta verkefni hjá mér. Annars hefði ég sennilega ekki farið svona hratt af stað með þetta, en nú reynir á bæinn að hann vinni hratt líka, ef að hlutirnir eiga að gerast.“

Félagið hefur farið þess á leit við bæinn að fá til umráða landsvæði fyrir ofan Hlíðarvegsblokkina þar sem það vill starfrækja grænmetisgarðana og einnig byggja gróðurhús og jarðgeymslur. Verkefnið yrði þó ekki á vegum bæjarins heldur á vegum Gróanda, sem sæi alfarið um rekstur þess. Félagið hefur þó farið þess á leit við bæinn að það myndi meðhöndla þann lífræna úrgang sem safnast í bænum og fá greitt fyrir það. Hildur Dagbjört sér fyrir sér að þetta samvinnuverkefni verði með þeim hætti að það virki sem best fyrir alla aðila og reynt verði í hvívetna að halda kostnaði niðri. Hún segir að ekki verði farið út í kostnaðarsamar aðgerðir líkt og að kaupa sértækar moltugerðarvélar. Verkefnið verði eins sjálfbært og hugsast getur og þar af leiðandi verði einungis ræktað fyrir þann pening sem til er. En hvað með stofnkostnað?

„Við erum búin að vera að sækja um styrki og vonumst að sjálfssögðu til að eitthvað komi út úr því. Svo í upphafi reiðum við okkur á sjálfboðavinnu líka, ég er allavega búin að leggja í þetta mikla sjálfboðavinnu til þessa og mun gera það áfram.“

En er búið að ákveða hvaða

HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA

AFMÆLISTILBOÐ / AFMÆLISTILBOÐ

SÚPER AFMÆLISTILBOÐ

60 ÁRA
1956 - 2016

Húsasmiðjan fagnar 60 ára afmæli

Fullar verslanir af ótrúlegum afmælistilboðum

35% afsláttur

SÚPER AFMÆLISTILBOÐ
25.900 kr
FULLT VERÐ: 39.900
Gasgrill
Solo
3000393

50% afsláttur

Sturtutæki
7900032
8.898kr
~~17.795~~

35% afsláttur

4.995kr
~~7.695~~
SÚPER AFMÆLISTILBOÐ
Verkfærataska
1-93-950. Verkfæri fylgja ekki
5024880

25% afsláttur

SÚPER AFMÆLISTILBOÐ
9.540kr
FULLT VERÐ:12.722
Brauðrist Russell Hobbs
1840122

SÚPER AFMÆLISTILBOÐ
6.495 kr
FULLT VERÐ: 9.995
Höggborvél
Black & Decker,
5245599

35% afsláttur

Páskar í Blómavali

Páskaliljur í pottum
499kr/stk
Tet a tet
Keramik pottar fylgja ekki

jon & gunna verslun

Mikið úrval af nýjum fötum og skóm

Jón og Gunna verslun
Austurvegur 2
400 Ísafjörður
Sími: 456 3464
jonoggunnaverslun@simnet.is
Við erum á líka á facebook

Jólin 2015. Kristín Sveinbjörn, Steinunn, Hildur, Vilborg og Örn.

grænmetistegundir verði ræktaðar?

„Það eru í raun félagsmenn sjálfir sem ákveða það. Í sumar verð ég starfsmaður sem vinn eftir óskum félagsins. Á stofnfundi Gróanda í janúar síðastliðnum, var gerður listi yfir það sem lagt er upp með að prófa í sumar. Við byrjum á því að vera með frekar auðræktanlegar tegundir þar sem verkefnið er ekki komið með gróðurhús. Ég var nú á fundi út af þessu í annað sinn í gær með umhverfisnefnd og þar kom fram að það þyrfti að fara í deiliskipulagsbreytingar til að það geti gengið eftir, sem tekur talsvert langan tíma, allavega einhverja mánuði og vonumst við til að hægt verði að fara í gróðurhúsabyggingu í haust."

Svæðið sem um ræðir hefur verið eitt af mestu óræktarsvæðum sveitarfélagsins undanfarin ár og væri því auðvelt að halda að bæjarvöld tækju hugmyndum um nýtingu svæðisins opnum örmum.

„Ég held að þetta sé bara win win dæmi, þar sem allir hagnast. Sér í lagi bæjarbúar sjálfir sem fá hollan og góðan mat fyrir vikið. Ég sé þetta ekki síst sem lýðheilsuverkefni, fullt af fólki mun leggja sjálfboðavinnu af mörkum og mér þætti mjög undarlegt ef bærinn vildi ekki taka þátt í því og í ofan á lag sjá sér fært um að vinna svolítið hratt til að drífa þetta í gegn. Við viljum líka að þetta sé að hluta til félagslegt í gegnum sjálfboðavinnuna, þá geti fólk komið saman bæði við plöntun að vori og við getum haft uppskeruhátíð að hausti. Við erum líka með hugmyndir um að vera með hænur, svo félagið framleiði líka egg.

Þetta var í raun bara hugmynd, þar til starfsmaður frá bænum hitti mig og sagði hugmyndina vera frábæra og ég ætti bara að ræða hana við bæjarstjóra strax næsta dag. Þannig fóru hjólin að snúast og mikið búið að gerast síðan. Það hafa allir verið rosalega jákvæðir fyrir verkefninu en svo eru innan kerfisins rosalega mörg EN og þar taka hlutirnir langan tíma."

Náttúrubarnið

Hildur Dagbjört ólst upp í Hnífsdal og var hún í síðasta árganginum sem fékk að taka fyrstu fjóra bekki grunnskóla þar. Hún er elst þriggja systkina sem öll búa hér fyrir vestan um þessar mundir, einnig búa foreldrar hennar hér Örn Smári Gíslason, sem á og rekur Fánasmiðjuna og Rafskaut á Ísafirði og Ása María Guðmundsdóttir

„Mér leið afskaplega vel að alast upp í Hnífsdal. Það var alveg frábært að vera í svona mikilli nálægð við náttúruna og að geta hlaupið inn í dal hvenær sem var eða troðið sínar eigin brautir á gönguskíðum og stokkið í ána þegar hlýtt var úti. En þá eins og nú var þetta vandamál með að koma sér á milli staða. Ég reyndi að vera sjálfstæð í þeim efnum, húkkaði mér far eða tók strætó, ég vildi ekki vera upp á neinn kominn og ákvað þá strax að ég ætlaði ekki að vera skutlmamma þegar ég yrði stór. Ég er enn ákveðin í því og vil finna mér hús þar sem börnin geta gengið þangað sem þau þurfa að fara. Ég vil líka hafa garð, þó hann þurfi ekki að vera stór núna þegar Gróanda-verkefnið verður að veruleika, en samt þannig að ég komist í mold sem er mín afslöppunaraðferð. Eftir annasama daga veit ég ekkert betra en að komast í garðinn, þá verður allt gott á ný og ég endurnýja orkuna."

Hildur Dagbjört segist aldrei hafa verið fyrir það að horfa á sjónvarp og á heimilinu hafi sjónvarpið ekki verið tengt eftir að þau fluttu þangað. Hún hafi alltaf frekar fundið afslöppun í að finna sér eitthvað að gera frekar en að leggjast fyrir framan sjónvarpið.

„Mér finnst líka svo miklu auðveldara að eiga við börnin þegar ekki er sjónvarp, þá bara finna þau sér eitthvað annað að gera þar sem það er ekki í boði. Þau fá stundum að horfa á morgnanna um helgar, en það getur verið svo erfitt að ná börnum frá sjónvarpinu sé það í gangi. Þetta getur verið mikið stríð ef sjónvarpið er partur af lífsstílnum í staðinn fyrir ef þetta er bara einstöku sinnum í boði."

Landslagsarkitektinn

Hildur Dagbjört vissi snemma hvert hún vildi stefna í lífinu. Strax að menntaskóla loknum á Ísafirði hélt hún í Borgarfjörðinn þar sem hún þremur árum síðar lauk prófi í umhverfisskipulagsfræði við Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri. Hún hélt svo til Noregs, til að ljúka við meistarapróf í landslagsarkitektúr og átti það að taka tvö ár, en þá hófust barneignir og þremur árum síðar var Hildur meistaraprófi ríkari – og tveimur börnum.

Þegar Hildur Dagbjört var í 10. bekk grunnskóla, þá tók hún áhugasviðspróf þar sem niðurstaðan var sú að hún ætti að gerast landslagsarkitekt.

„Ég var hissa, því ég hafði aldrei heyrt orðið landslagarkitekt áður. Ég hafði ætlað mér að verða arkitekt, af því að fólk hafði sagt mér að þá fengi ég að teikna í vinnunni. Þegar ég spurði nánar út í hvað í starfinu væri fólgið var mér sagt að þá væri ég að teikna og skipuleggja hvar tré ættu að vera og svona. Ég var alveg… teikna og TRÉ! Fullkomið. Ég var þarna alveg með það á hreinu að þetta vildi ég gera."

Eftir fyrsta árið í náminu á Hvanneyri, kom ég heim og fékk vinnu hjá teiknistofunni Eik. Það var alveg frábært og rosalega verðmæt starfsreynsla því þar fékk ég að ganga í öll störf undir traustri leiðsögn. Svo þegar ég kom aftur á Hvanneyri fékk ég vinnu hjá Landlínum í Borgarnesi með skólanum, þannig að mjög snemma í náminu vissi ég mjög vel hvernig var að starfa við fagið."

En hvernig stendur á því að hún hafi átt svona auðvelt með að fá vinnu í faginu í starfsumhverfi þar sem mikil samkeppni ríkir?

„Ég held ég hafi alltaf verið mjög sannfærandi og jafnvel ýtin, en ég hef líka verið alveg til í að taka á mig vandkvæðin sem kunna að fylgja. Eins og með vinnuna hjá Landlínum, þá tók ég að mér skúringar fyrst áður en ég komst í hina vinnuna þar sem það vantaði manneskju í það í nokkrar vikur, eins tók ég að mér bókhald á meðan að eigandinn fór í barneignarfrí þar sem ég hafði reynslu af því og var alveg til í að hlaupa í öll þau störf sem féllu til."

Þegar hún var að sækjast eftir vinnunni á Eik þá var hún í marga mánuði búin að falast eftir starfinu og þrautseigjan skilaði sér að lokum í að hún fékk vinnuna. Hún segist alltaf hafa fengið þá vinnu sem hún hafi óskað eftir og ekki nema einu sinni sótt um auglýst starf, heldur látið vita af sér og sóst eftir því sem hún hefur viljað, sem fram til þessa hafi virkað mjög vel.

Blessaða barnalánið

Hver skyldi vera aðalmunurinn á að vera með eitt kornabarn eða tvö? Hildur Dagbjört segir aðalmuninn fyrir hana vera að geta aldrei einbeitt sér að einhverju einu. Það sé til dæmis ekkert auðhlaupið að því að skipta á öðru barninu þar sem að hitt sé komið á fullt skrið á meðan og kannski byrjað að athafna sig í blómapottunum. Því séu ekki notaðir hlutir eins og skiptiborð, þannig að hægt sé að hlaupa frá verkinu í miðju kafi. Það sé líka ekki bara fylgst með barninu og þegar það sé orðið þreytt þá sé það bara lagt til hvílu, það þurfi allt að vera eftir kúnstarinnar reglum þannig að annað barnið fari sér ekki að voða á meðan að hitt er grætjað í svefninn.

„Já og brjóstagjöfin er ekki kósí stund með þær tvær. Það er ekki hægt að gefa þeim í einhverjum þægilegum stellingum og þær heimta að fá að drekka á sama tíma og verða mjög matsárar ef önnur fær að drekka í einu. Þær eru líka gjörólíkir karakterar. Vilborg var um sjö mánaða þegar hún var komin á fullt, farin að skríða, standa upp og ganga meðfram, róta og drasla og borða mold. Ég hef reyndar komið henni hjá því að borða rusl, en hún hefur komist í blómapottana nokkrum sinnum og gætt sér á mold."

Blaðamanni var svo sýnt hvernig búið var að skerma af blómapotta með glæsilegum fígusum með stólum og öðru dóti svo dóttirin næði ekki að gera gróðurmold að föstum hluta af fæðu sinni. Fígusunum fallegu fylgir saga. Þegar að Hildur Dagbjört var ung að árum fór hún í Eden í Hveragerði með foreldrum sínum og féll stúlkan unga gjörsamlega í stafi er hún sá gróðurinn sem þar var að finna og sérstaklega vakti athygli hennar stóreflis trjágróður sem vafði sig upp undir loft. Hún spurði starfsmanninn hvaða tré þetta væru og tjáði hann henni að um væri að ræða fígus Benjamin og hún kom heim með þann draum að eignast slíkan einn góðan veðurdag. Einhverju sinni var hún í heimsókn hjá vinkonu sinni og sá draumatréð í stofunni heima hjá henni og tjáði mömmu hennar að hana dreymdi um að eignast slíkt tré. Hún fékk því afleggjara af trénu í afmælisgjöf og núna um það bil tuttugu árum síðar er plantan enn í fullu fjöri, orðin gríðarstór og glæsileg. Hildur segir að hún hafi reyndar þurft að ná henni á strik aftur eftir að hún var í pössun á meðan að fjölskyldan dvaldi í Noregi, en ljóst er á plöntunni að eigandinn er með græna fingur. Annar minni fígus er einnig í stofunni og þann ræktaði amma Hildar úr laufblöðum!

Hvað með dagvistun fyrir tvíburana, er slíkt í höfn þegar að orlofi sleppir?

„Nei, ætli við reynum ekki bara að púsla þessu einhvernvegin saman eftir ísfirsku „þetta reddast" leiðinni. Þetta er reyndar alveg nýtt fyrir mér. Ég hef alltaf búið í landi þar sem kerfið tekur við börnunum um leið og fæðingarorlofi lýkur, en það er víst ekki svoleiðis hér. Það var smá sjokk þegar ég fattaði að þegar ég væri búin að vera með börnin heima í heilt ár, þá hefði ég ekki hugmynd um hvað ég ætti að gera við þau. Fram til þessa hef ég bara verið heima í hálft ár með hvert barn og síðan kallinn tekið við í hálft ár."

Hún segir þau ávallt hafa lagt upp úr því að skiptingin á ábyrgðinni þegar kæmi að heimili og börnum væri sem jöfnust. En það hafi ekki reynst auðvelt eftir að tvíburarnir fæddust fyrir tæpu ári síðan, það séu öllu meiri kröfur gerðar til móðurinnar af tveimur ungabörnum en einu og miklum tíma af dögum hennar sé varið í brjóstagjöf til að mynda. Hún segir þetta líka ganga upp svona, maðurinn hennar sé í fullu námi

Tónlistarveisla
á páskunum í Edinborg

þriðjudaginn 22. kl 20
Fleetwood Mac heiðurstónleikar
Vestfirskir tónlistarmenn til styrktar Unicef

miðvikudag 23. kl 21 & fimmtudag 24. kl 20
Rolling Stones heiðurstónleikar
Gummi Hjalta, Stebbi Jóns, Stebbi Baldurs,
Jón Mar, Hlynur, Hjörtur Trausta og Sunneva
flytja vel valin lög með eilífðarunglingunum í Stones

föstudaginn langa 25.
Páll Óskar
Barnaball kl 16
Ball 00 - 4

laugardaginn 26.
Agent Fresco, Úlfur Úlfur & Glowie
Ball 23 - 3

sunnudaginn 27.
Apollo & Eyþór Ingi
Ball 00 - 4

Við gróskumikla grænmetisgarðinn minn í Ási 2014. Kúrbítarnir ofvaxnir þegar ég kom heim úr sumarfríi á Íslandi.

og líka gott að hann geti notað tímann til að ljúka því.

„Eldri börnin fæddust með eins og hálfs árs millibili og þegar yngra var tveggja ára fannst okkur lífið orðið það auðvelt að okkur datt í hug að koma með eitt kríli í viðbót. Þetta átti bara að vera agalega þægilegt. Koma með eitt lítið og flytja heim, þannig að við værum á Íslandi á meðan að á fæðingarorlofinu mínu stæði og ég gæti farið rólega af stað inn á vinnumarkaðinn hér og amman gæti stundum passað og svona. En svo bara Úps! urðu þær tvær og málin vönduðust til muna, til dæmis getur enginn passað."

Lífið í Noregi

Hildur og Sveinbjörn bjuggu í 7 ár í Noregi í Ási. Ás er háskólabær og þó hann sé fjölmennur er byggðin dreifð og allt verpist í kringum háskólann. Langflestir tengist háskólanum sem nemendur eða starfsfólk. Aðrir íbúar sækja vinnu til Oslóar, en þangað er um klukkustundar leið að fara.

„Þegar Örn Veturliði, yngra barnið af fyrstu tveimur var 6 mánaða, tók pabbinn við heimilishaldinu og Hildur Dagbjört fór að vinna á landslagsarkitektastofu í Osló. Fyrir misskilning, þar sem stofan var nýflutt á milli húsa, hélt Hildur að hún væri að ráða sig á vinnustað í miðbæ Oslóar, en svo var ekki.

„Skrifstofan var í norður Osló, þannig að ég varði í það minnsta þremur tímum á dag í lestarferðalög. Þetta var ekki einfalt mál, sér í lagi þar sem ég var enn með Örn á brjósti og þurfti því alla daga að pumpa mig í vinnunni. Ég sá fyrir mér að það væri ekki framtíðarlausn að vinna þarna. Um það leiti sem Örn fór á leikskóla fór ég að vinna á annarri landslagsarkitektastofu sem staðsett var í miðbæ Oslóar, svo þetta varð mun viðráðanlegra, þá voru þetta bara tveir tímar í lestinni í heildina.

Þetta var alveg ein ástæðan fyrir því að við völdum að koma heim aftur, þó ég hafi kunnað mjög vel við mig í vinnunni og í Noregi. Ég sé bara ekki fyrir mér að ég gæti gert þetta alla ævi; að verja tveimur tímum á dag í ferðalög. Þetta virkar bara svo mikil tímasóun. Þetta gátu svo sem verið gæðastundir í lestinni, en ef það var kannski mikið að gera í vinnunni, eða ef ég vildi til dæmis sækja börnin mín í leikskólann, þá gat þetta verið ansi súrt.

Leikið við öldurnar með Kristínu í Aðalvík 2014.

Þegar börnin fóru á leikskólann vildi ég ekki að þau yrðu þar lengur en í 8 tíma á dag, svo þá upphófst mikil skiplagsvinna til að geta látið það ganga upp. Ég vaknaði klukkan korter í fimm til að geta tekið lestina hálf sex og þá var ég komin í vinnuna hálf sjö og vann til tvö og þá tók ég lestina til baka og sótti börnin á leikskólann klukkan þrjú, en Svenni fór með þau þangað klukkan sjö. Þetta gekk alveg upp, en módelið var afar viðkvæmt og ég þurfti að fara ógurlega snemma að sofa.

Við fáum oft þá spurningu hvort það sé þá ekki mikill munur að vera komin heim, en við getum eiginlega ekki borið þetta saman, því þetta er svo gjörólíkt. Þegar við vorum úti vorum við bæði í fullri vinnu og Svenni auk þess í 50% námi og þurftum að vera agalega skipulögð til að allt gengi upp. Núna er hann í fullu námi í fjarnámi, svo hann er alltaf hér og ég heima með tvo ungabörn. Svo þetta er allt annað dæmi og ég hafði mestar áhyggjur af því að við myndum fá leið á hvort öðru, því við höfum aldrei í sambandi okkar verið svona mikið saman. Við þurfum hreinlega að passa okkur á að fara út og hitta annað fólk.

Heimkoman

Eftir námið hjá Hildi Dagbjörtu keyptu þau sér hús í Ási, sem þau seldu þegar þau fluttu. Þau hafa í hyggju að kaupa sér hús hér heima, en hafa ekki náð að koma sér saman um hver sú eign ætti að vera. Sveinbjörn maður Hildar á ættir að rekja í Stakkadal í Aðalvík og þar á hann á bústað með frænda sínum.

„Árið 2014 komum við til Íslands þar sem við vörðum viku í sumarleyfi í bústað þar og við bara settum þær kröfur á ættingja okkar og vini að ef þau vildu hitta okkur þá skyldu þau gera það þar, sem ótrúlega margir gerðu. Það var ótrúlega huggulegt að vera saman þarna í rónni. Þetta var allt svo indælt og ljúft og við fundum þarna að okkur langaði til að flytja heim aftur.

Svenni er ættaður héðan en hefur ekki búið mikið hérna, en samt var hann alveg harðákveðinn í að hann vildi flytja á Ísafjörð. Við vorum með plan um að flytja hingað að lokum svo þetta var svo sem nokkurn vegin samkvæmt plani. Svenni hlakkaði til að flytja til Íslands, vinnan sem smiður í Noregi gat verið einhæf, á meðan á Íslandi ganga smiðir í öll störf og starfið fjölbreytt. Vinnan gat til dæmis nánast einskorðast við að slá upp veggjum og svo var hann á tímabili að vinna við smíðar á blokkum í stúdentagörðum sem allar voru eins – til að kóróna fábreytileikann. Fyrsta lausnin til að Svenni fengi fleiri faglegar áskoranir var að hann færi í frekara nám og byrjaði hann að læra byggingariðnfræði við Háskólann í Reykjavík, á meðan við vorum enn úti og núna er hann við það að klára það. Hann er þó ekki mikið fyrir að sitja við tölvuskjáinn allan liðlangan daginn og stofnuðum við hjúin því lítið fyrirtæki, Axir ehf, til að hann gæti tekið að sér minni smíðaverkefni til hliðar við námið.

Það var reyndar smá sjokk fyrir flesta í fjölskyldunni að koma heim til Íslands úr ljúfu norsku sumri, í fimm gráðu hita og slagviðri í ágústmánuði síðastliðnum, en svo tók við ljúft haust og góður vetur. Fjölskyldan er reyndar orðin vön mun kaldari vetrum en hér tíðkast en öðru veðurfari.

„Snjórinn kemur beint niður í Ási, ekki úr öllum áttum. Þegar snjórinn féll þá var hann bara kyrr þar sem hann kom niður. Ég man eitt sinn eftir því að heillengi var snjór í háum stafla ofan á götuskilti og þar bara hélst hann. Það var mikil upplifun fyrir mig. Stundum eftir frostþoku var umhverfið líka alsett snjókristöllum og ég velti því fyrir mér hvort ég byggi mögulega í póstkorti."

Fyrir framan skólann minn í Ási 2010.

Notagildi ofar fegurð

Í náminu hjá Hildi var ekkert farið í kennslu við ræktun, þó lærði hún að hanna umhverfi sem nytjagróður þrifist best í. Að öðru leyti er hún sjálflærð í garðyrkjufræðum. Við ræðum aðeins fallega blómagarða og nytjagarða.

„Ég vil helst að það sé allt til einhverra nota. Mér leiðist þegar hlutir eru einungis til fyrir fegurðina. Annars finnst mér nytjagarðar mjög fallegir, ég veit alveg hvað þykir fallegt og hvað ekki, en ég er að reyna að aftengjast fallegu. Af hverju þarf allt að vera svona fallegt? Af hverju er það aðalmálið og hversvegna þurfum við að vera svona mikið á yfirborðinu? Ég er mikið að velta hugtakinu fegurð fyrir mér þessa dagana, mér finnst sjálfri alveg ágætt að hafa hana með en ég vil ekki að hún sé ofar öðru. Mig langar að hlutirnir séu fyrst nytsamlegir og sennilega alveg í fyrstu fimm sætunum, síðan má kannski líka hugsa um að þeir séu fallegir. Það er alveg hægt að hanna hlutina þannig þeir séu til prýði en helst að þeir virki.

Eins og með mína eigin grænmetisgarða þar sem ég var í algjörri tilraunastarfsemi í moltugerð og ræktun. Þá var það þessi gróska sem gerði þá fallega. Mér finnst gróska falleg og fannst mikil fegurð fólgin í hvernig plönturnar uxu yfir beðin og inn í garðinn.

Útlitskröfur nútímans

„Mér finnst þessar fegurðarkröfur líka of langt gengnar hvað varðar útlit fólks. Ég dáist að fólki sem þorir að vera náttúrulegt og eðlilegt. Þó mér finnist ekkert að því að hafa sig til, en að það sé ekki skylda og það sé ekki til þess eingöngu að vera fallegur og að sýna sig fyrir heiminum. Mér finnst það líka mikils virði að maður geti leyft sér að vera bara eins og maður er.

Ég hef reyndar aldrei verið mikið í því að mála mig, aðallega notað maskara og núna er ég að æfa mig í að sleppa því bara líka. Mér finnst þessi förðunarárátta gengin allt of langt, það er alltaf verið að sýna hvernig gera megi gamlar konur ungar. Af hverju í ósköpunum mega gamlar konur ekki bara vera gamlar og líta út fyrir það? Það sýnir ekkert nema visku og að viðkomandi hafi lifað í gegnum mikið. Af hverju í ósköpunum þarf hún að líta út fyrir að vera yngri en hún er?

Deiliskipulagstillögur í Reykhólahreppi

Þéttbýlið á Reykhólum, útivistarsvæði og Sjávarböð

Sveitarstjórn Reykhólahrepps samþykkti á fundi sínum þann 11.febrúar 2016 að auglýsa deiliskipulagstillögu ásamt umhverfsiskýrslu í landi Reykhóla skv. 41. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 123/2010.

Skipulagssvæðið nær yfir stóran hluta af Langanesi og Tittlingastaðarnesi sunnan byggðar Reykhóla allt frá syðstu þéttþýlismörkum Reykhóla niður að sjó við Karlsey. Heildarstærð skipulagssvæðisins eru 324,11 hektarar.

Í deiliskipulagstillögunni er gert ráð fyrir allt svæðið sé ætlað fyrir almenna útivist í sátt við umhverfið og náttúru svæðisins og einnig afmörkum á 10.000 m^2 lóð undir þjónustubyggingu Sjávarbaða sem er skilgreind með takmörkuðu byggingarmagni.

Innan lóðarinnar má byggja þjónustubyggingu Þ1, smáhýsi G1-2, laugar og potta ásamt bílastæðum sem þjóna Sjávarböðunum. Lóðinni er annars vegar skipt upp í framkvæmdarsvæði og hins vegar náttúrusvæði, þar sem byggingin markar skil milli þessara tveggja svæða.

Eftir framkvæmdir mun strandlengjan á Langanesi og Tittlingastaðarnesi verða aðgengileg til almennrar útivistar í sátt við náttúruna.

Breyting á deiliskipulagi í Fremri-Gufudal Reykhólahreppi

Sveitarstjórn Reykhólahrepps samþykkti á fundi sínum þann 11.febrúar 2016 að auglýsa breytingu á deiliskipulagi á landi Fremri-Gufudals Reykhólahreppi skv. 43. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 123/2010

Deiliskipulagsbreytingin felur í sér að ný íbúðarhúsalóð er skilgreind innan skipulagssvæðisins. Skipulagsmörkum er hnikað lítillega til vegna þessa og tekur deilskipulagið því til 22,3 ha svæðis í stað 21,5 ha. Innan skipulagssvæðisins er fjögur sumarhús, tvö íbúðarhús og útihús sem tilheyra jörðinni .

Skipulagsbreytingin er í samræmi við gildandi aðalskipulag sem heimilar allt að þrjú íbúðarhús á jörð auk þeirra húsa sem fyrir eru.

Innstipollur í Flatey á Breiðafirði

Sveitarstjórn Reykhólahrepps samþykkti á fundi sínum þann 8.október 2015 að auglýsa deiliskipulagstillögu ásamt umhverfisskýrslu vegna smábátahafnar við Innstapoll í Flatey á Breiðafirði skv. 41. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 123/2010.

Tillagan á deiliskipulaginu við Innstapoll í Flatey á Breiðafirði tekur til svæðis á aðalskipulagi sem er áætlað opið svæði og hafnarsvæði merkt H3.

A. Aðkoma - opið og óbyggt svæði

Á opna svæðinu má koma fyrir vegslóða að höfninni en skal að öðru leyti vera óhreyft.

Ekki verður heimilt að nota þetta svæði sem athafnasvæði á byggingartíma eða sem lager fyrir efni, tæki eða nokkuð sem til fellur á byggingartíma hafnarinnar.

Slóðinn má vera allt 3 m breiður eða að hámarki 4 m með vegöxlum. Yfirborð skal vera í samræmi við aðra vegi í Flatey en þeir eru með malaryfirborði í dag.

Á uppdrætti er sýnd leiðbeinandi lega. Svæðið er um 1.900 m^2 að stærð.

B. Hafnarsvæði

Á hafnarsvæðinu má koma fyrir bátalægi fyrir smábáta. Gera má skjólgarða báðum megin hafnarsvæðis, koma fyrir bryggjum og athafnasvæðum sem fylgja slíkri starfsemi. Dýpka má botn hafnarkvíarinnar niður í -2,5 m. Reiknað er með að smábátalægið verði 25x30 m að stærð svo kemur innsiglingarenna ca 12x40 m. Gerðir verða tveir grjótgarðar um 40 metra langir. Til að valda sem minnstri röskun er ætlunin að nýta efnið úr dýpkuninni í garðanna. Efnismagnið í garða er áætlað um 4000 m^3. Halda skal öllu jarðraski í lágmarki og skal frágangur vera til fyrirmyndar og í samræmi við umhverfi. Svæðið er 9.670 m^2 að stærð.

Skipulagsuppdrættir og greinagerðir ásamt umhverfisskýrslum er til sýnis á skrifstofu Reykhólahrepps frá 17.mars til 29.april 2016. Ennfremur verða gögnin aðgengileg á heimasíðu sveitarfélagsins www.reykholar.is. Athugasemdum skal skila skriflega á skrifstofu Reykhólahrepps Maríutröð 5a 380 Reykhólum eða á netfangið skrifstofa@reykholar.is eða bogi@dalir.is merkt „deiliskipulag“ og því skipulagi sem um ræðir fyrir 29.apríl 2016.

Reykhólar 8. mars 2016,
Bogi Kristinsson Magnusen,
skipulags- og byggingafulltrúi

Ég hef reyndar alltaf verið svo skrýtin að ég hef hlakkað til að vera gömul alveg frá því ég var lítil stelpa. Ég hlakkaði alltaf svo mikið til þess að verða amma. Það er ein ástæðan fyrir því að ég eignaðist öll þessi börn, þegar ég verð gömul vil ég hafa stóra fjölskyldu í kringum mig.

Það er reyndar mikið ósamræmi í þessu í mínu lífi. Því ég hef alltaf litið út fyrir að vera mjög ung og mig hefur í rauninni aldrei langað neitt til þess að vera ung. Ég er örugglega ein af þeim örfáu í þessum sporum, þegar flestir virðast vilja vera yngri en þeir eru. Ég tek fagnandi á móti árunum.

Þetta er samt auðveldara hér, í samfélagi þar sem allir þekkja alla, þá veit fólk að ég er búin að ljúka þessari menntun og á öll þessi börn og þar af leiðandi geti ég eiginlega ekki verið sautján ára. Úti í Noregi þurfti ég alltaf að vera að passa mig á því hvernig ég leit út og láta vita að ég væri móðir og þessar ýmsu breytur, því annars gerði fólk bara ráð fyrir að ég væri sautján ára."

Við höldum áfram að ræða aðeins útlitsdýrkunina og muninn á henni hér heima og í Noregi og Hildur Dagbjört segist finna mun meira fyrir henni hér á landi.

„Ég velti því líka fyrir mér með hrakandi heilsufari ungs fólks, hvort að einhverja tengingu sé að finna á milli útlitsdýrkunnar og slakari heilsu. Mér finnst líka mjög leiðinlegt til þess að hugsa að börnin mín alist upp við það að þau þurfi að maka á sig þykku lagi af sparsli til að líta út fyrir að vera einhver önnur en þau eru. Mér finnst líka alveg hræðilegt að þetta flokkist undir vinsæl áhugamál í dag. Það er miklu nær að fólk vinni með sig og að vera sátt með það sem maður hefur. Ef að maður er með lítil brjóst, þá á að vera bara með lítil brjóst í stað þess að vera alltaf að láta þau líta út fyrir að vera stærri en þau eru.

Mér finnst æðislegt að fylgjast með líkamanum breytast á meðgöngu og hvernig hann er eftir að meðgöngu lýkur, að vera með stóran maga og stærri brjóst. Mér fannst reyndar hálf óhugnanlegt hvernig líkaminn fór alveg í sitt fyrra horf eftir eldri börnin og því elska ég að það sjái aðeins á maganum á mér eftir að ganga með tvíburana. Ég elska að vera með líkama sem segir að ég sé mamma – ekki unglingur. Ég vil að við fögnum því að breytast."

Þetta eru nú allt hugmyndir sem eru nokkuð andstreymis þeim sem eru hve víðtækastar í dag, finnurðu fyrir því?

„Já ég finn aðeins fyrir því, en ég verð samt að segja að það hefur ótrúlega margt breyst á Ísafirði frá því ég bjó hér síðast fyrir um 10 árum síðan. Það er náttúrulega svo margt nýtt í gangi í heiminum og fólk hér er að tileinka sér það líka. Hér er mikið af meðvituðu fólki og allir að spá eitthvað og spekúlera. Það er alveg mikið að gerast líka, mun meira en ég hélt í rauninni og hér er miklu meira af spennandi fólki en ég bjóst við. Fullt af spennandi fólki að gera skemmtilega hluti, sem er frábært. Mér finnst fólk hér þora að vera það sjálft og það er einhver ólga í gangi og oft þarf bara einhver að taka af skarið með að hrinda hugmyndum í framkvæmd og þá er fullt af fólki til í að vera með, af því það eru búnar að ólga í þeim svipaðar hugmyndir."

Það er nokkuð ljóst að Hildur Dagbjört liggur ekki á liði sínu við að gera Ísafjörð að enn betri bæ til að búa í og ef eitthvað er í umræðunni þegar kemur að málefnum íbúaþróunar á Vestfjörðum, þá er það oftar en ekki að við þurfum að fá til baka unga fólkið eftir að háskólanámi lýkur og hingað er hún komin, fulltrúi þeirra sem fóru og sneru aftur með nám og reynslu bænum til handa. Fyrir þá sem eru áhugasamir um landbúnaðarfélagið Gróanda, bendum við á fésbókarsíðu félagsins: www.facebook.com/groandi

Vilji fólk ganga í félagið má senda epóst á: groandiisafjordur@gmail.com eða hafa samband gegnum fésbókarsíðu félagsins. *annska@bb.is*



Úti á gönguskíðum á Ási.

Fasteignasala Vestfjarða

Hafnarstræti 19, 400 Ísafirði
www.fsv.is - eignir@fsv.is
s. 456 3244

Hafnarstræti 8 Ísafirði – Rúmgóð fjögurra herbergja íbúð í miðbænum, gott þvottahús og geymsla í kjallara. Stærð 146 m². **Ásett verð 15,5 mkr.**

Miðtún 10 Ísafirði – Stórt einbýlishús á tveimur hæðum auk 30 bílgeymslu, í dag eru þar tvær íbúðir í útleigu. Frábært útsýni yfir fjörðinn Stærð samtals 247 m². **Ásett verð 31,0 mkr. Ath. skipti á minni eign á Ísafirði eða höfuðborgarsvæðinu koma til greina.**

Miðtún 39 Ísafirði – Mikið endurnýjað raðhús á tveimur hæðum auk sér 31 m² bílskúrs. Fjögur svefnherbergi, tvö baðherbergi, nýtt ofnakerfi. Stærð 220 m². **Ásett verð 25,9 mkr.**

Skólagata 8 Ísafirði – Stórt parhús nálægt miðbæ Ísafjarðar, tvær séríbúðir auk kjallara og 38 m² bílskúrs, góðir leigumöguleikar og hentar jafnvel sem gistihús. Stærð samtals 283 m². **Ásett verð 25,6 mkr.**

Sunnuholt 2 Ísafirði – Stórt og glæsilegt einbýlishús, mikið endurnýjað. Fimm svefnherbergi, tvær stofur, þrjú baðherbergi og góður bílskúr. Stærð 311 m². **Ásett verð 39,5 mkr.**

Tangagata 24 Ísafirði – Fallegt einbýlishús úr timbri í gamla bænum. Þrjú svefnherbergi, baðherbergi og steyptur 39 m² bílskúr. Stærð samtals 142 m²

Erum einnig með eignir í Bolungarvík, Flateyri og Súðavík á söluskrá.
Vantar fleiri eignir á söluskrá
– Þjónusta á staðnum
– Sanngjörn söluþóknun

Helstu straumar og stefnur í boði

Tónlistarhátíðin Aldrei fór ég suður verður haldin um aðra helgi og verður slegið í á slaginu átta á kvöldi föstudagsins langa. Hátíðin hefur frá fyrstu tíð tekið breytingum, stækkað, minnkað, breikkað og reglurnar eru engar fyrir utan að allir eiga að vera í stuði og það kostar ekkert inn. Í ár verða skemmutónleikar tvö kvöld en í fyrra var kosið að hafa þá einvörðungu á laugardagskvöld og dreifa athyglinni víðar um bæinn. Þetta þóttist takast vel en engu að síður verður horfið aftur til tveggja kvölda hátíðar. En hverjir spila í ár? BB fékk Kristján Frey Halldórsson til að svara því. Hann hefur í mörg ár verið listrænn stjórnandi hátíðarinnar og borið hitann og þungann af bókunum tónlistarmanna og hvað kúrs skal taka tónlistarlega.

– Ef þú ættir að súmmera upp dagskrá hátíðarinnar í ár og þá listamenn sem koma fram, í örfáum orðum, hver yrðu þau?

„Enn og aftur hefur okkur tekist að búa til virkilega spennandi og fjölbreytta blöndu úr öllum áttum. Þarna sjáum við vinsælasta tónlistarfólkið á landinu í bland við listamenn sem eru að koma fram í fyrsta skipti í langan tíma. Auk þess eru þarna ungir listamenn sem hafa mögulega ekki komið fram á svona stórri tónlistarhátíð eins og Aldrei fór ég suður. Jafnframt má þarna finna fulltrúa úr helstu tónlistarstefnum og flestir ættu því að finna eitthvað fyrir sinn snúð.

– Laddi, Emiliana Torrini, Risaeðlan, Strigaskórnir, Úlfur Úlfur og Agent Fresco eru allt þekkt nöfn og partur af íslenskri tónlistarsögu í nútíð og þátíð. Hvað geturðu sagt okkur um minna þekkt nöfn, eins og Sykur, Tonik Ensemble, GKR og Glowie?

„Hljómsveitin Sykur hefur einu sinni áður komið fram á hátíðinni og mögulega margir sem þekkja hana. Þau spila rafræna, dansvæna stuðtónlist sem flestir eiga auðvelt með að hrífast af og skarta hinni stórefnilegu söngkonu Agnesi Björt ásamt þeim frændum Halldóri og Kristjáni Eldjárn, sem eru synir systkinanna Sigrúnar, og Þórarins Eldjárn. Tonik Ensemble er listamannsheiti raftónlistarmannsins Antons Kaldal en hann býr til ansi magnaðan og ómþýðan hljóðheim úr sínum tækjum og tólum. Ég hlakka til að heyra og sjá viðbrögð hátíðargesta en það kæmi mér ekki á óvart að þetta verði svona spútnikatriði ársins. GKR og Glowie, sem eru listamannsnöfn rapparans Gauks Grétusonar og söngkonunnar Söru Pétursdóttur, eru meðal efnilegasta tónlistarfólks landsins og virkilega spennandi að sjá þau njóta sín á stóru sviði. Þau hafa mögulega ekki komið fram á svona stóru sviði fyrir framan svona marga en ég hef engar áhyggjur þar sem Afés státar af besta áhorfendahópi landsins.

– Nú hefur þú verið innsti koppur í búri Aldrei fór ég suður um árabil. Er alltaf jafn mikil ásókn í að spila?

„Já, þetta er algjörlega magnað. Alltaf allir til í stuðið. Um leið og þetta er afar þakklátt þá er það alveg glatað að þurfa að vísa tónlistarfólki frá. Við erum að bóka 12 atriði núna á stóra sviðið en það voru eflaust yfir 100 atriði sem við áttum í pottinum. Það er í raun ekkert sérstakt umsóknarferli fyrir hátíðina, við fáum bara mjög mikið af fyrirspurnum sem við erum mjög ánægð með. Það ríkja tvær magnaðar mýtur um umsókn um framkomu á hátíðinni og þær eru að minnst einn meðlimur hljómsveitar þurfi að vera Vestfirðingur og að það sé bannað að spila tvisvar í röð. Hvorugt er rétt. Við höfum gert mikið úr því að gera vel við listamenn þessa helgina, rétt eins og við alla aðra gesti, og reynum að gera þessa helgi að einhverri sérstakri upplifun. Það hefur greinilega skilað sér og okkur þykir sérlega vænt um að fá fyrirspurnir frá þeim sem komið hafa til okkar áður. Þetta er þrettánda hátíðin í röð, nú á nýjum stað. Það sem heldur manni við efnið er gleðin og fyrir mitt leyti lít ég á þetta sem mótvægisaðgerðir gagnvart gömlum mýtum um Vestfirði. Margir halda enn að það sé svo slæmt að fljúga þangað, slæmir vegir og að veðrið sé verra en annars staðar, allt byggt á hleypidómum, og allir sem koma vestur verða umsvifalaust upprifnir af svæðinu og fólkinu. Dropinn holar steininn og við höldum áfram í góðum fíling."

– Þegar tónlistarmenn eru valdir, hvað er haft til tilsjónar? Það eru ekki bara valdir þeir stærstu og vinsælustu (annars værum við varla að sjá Mömmu Hest!)?

„Við byggjum á breiddinni. Fjölbreytni. Ég ætla að gerast svo hrokafullur og segi að engin önnur hátíð hefur búið að jafnmikilli fjölbreytni og frumleika þegar kemur að tónlistardagskránni. Fyrsta hátíðin árið 2004 gaf tóninn og þó svo að við höfum fengið alla vinsælustu listamenn þjóðarinnar þá höfum við ávallt boðið uppá ólíklega kandídata í bland. Nú í ár er engin undantekning og má finna helstu strauma og stefnur. Það sem gerir þetta skemmtilegt er að hátíðargestir okkar koma ekki eingöngu fyrir eitt atriði heldur til að njóta þess alls sem boðið er uppá. Þeir vilja láta koma sér á óvart og þar liggur gleðin í Aldrei fór ég suður, bæði í salnum og uppá sviði. Nýjungagirni og umburðarlyndi gesta okkar er einstakt.

– Hvað ert þú spenntastur fyrir að sjá?

„Ég get ekki gert upp á milli þessara atriða sjálfur, ég er bara gríðarlega stoltur af þessari dagskrá og spenntur að sjá öll þessi atriði. Þó er nú ekki hægt annað en að minnast á Risaeðluna sem við vöktum úr tuttugu ára dvala. Ég hélt mikið uppá þessa hljómsveit en náði aldrei að sjá hana á tónleikum. Eins er mjög merkilegt að fá Ladda á svæðið en hann verður berskjaldaður á sviðinu í engu gervi. Bara í Ladda-búningi. Hann er að gera það í fyrsta skipti og það er bara ansi merkilegt dæmi."

–Þú spilar sjálfur á tónleikuinum sem sessjónisti hjá Mömmu hesti. Það hlýtur að vera mikill heiður?

„Það eru vissulega blendnar tilfinningar. Ég hélt mikið uppá þessa sveit og stóð fyrir tónleikum hennar á Grand Rokk í Reykjavík árið 1999. Ég var því sérlega upprifinn að fá þá saman aftur og sannfærður um það að hún muni slá í gegn á hátíðinni. Síðan kom bakslagið; trommarinn sá sér ekki fært að mæta. Þá voru góð ráð dýr og bassaleikarinn Valdimar hringdi og sagði mér að hlusta á lögin og læra þau utanbókar. Mér finnst pínu skrýtið að fylla skarð Gunnars trommara þarna og hálf glatað að ég sé eitthvað í því en í þágu hátíðarinnar og gleðinnar þá tek ég kjuðana með mér vestur.

–Nú er hátíðin í nýrri skemmu, verður hún betri fyrir vikið?

„Hátíðin hefur gengið gríðarlega vel og sem betur fer nær slysalaust síðustu árin þrátt fyrir að hátíðarsvæðið væri upp við hraðbrautina og við sjóinn. Nú erum við komin á eyrina og nálægt miðbænum. Þar að auki ætti fólk ekki að lenda í vandræðum með að finna bílastæði en við hvetjum þó alla sem geta að ganga til okkar eða nota strætó. Skemman sjálf er örlítið stærri en á Grænagarði en hefur þó ekki þessar gríðarstóru hurðir. Hún hefur auðvitað sína kosti og galla en við teljum að kostirnir séu mun fleiri. Ég vona að hátíðin eigi sér framtíðarstað á þessum slóðum, í kringum Neðstakaupstað. Um leið og ég vona að allir séu jafnspenntir og ég, þá vona ég að fólk skemmti sér fallega og já, muni að kaupa varning frá fjáröflunardeild hátíðarinnar."

Kjörís

MJÚKÍS ÁRSINS 2016

Mjúkís

MEÐ
JARÐARBERJUM & SKYRKÖKU

Hefurðu smakkað Mjúkís ársins með jarðarberjum og skyrköku?

Við Pollinn
Restaurant at Hótel Ísafjörður

Skírdagur

Við Pollinn, Hótel Ísafirði

Tónlistar- og matarveisla á Hótel Ísafirði

Lára Rúnars ásamt félögum ætla að halda uppi ljúfri stemningu á veitingastaðnum okkar Við Pollinn. Komdu og eigðu notalegt kvöld.

Fordrykkur, þriggja rétta matseðill og notaleg tónlist.
Verð kr. 7.500.

Hádegis brunch alla daga
frá kl. 11:30 til 14:00.

Rokkseðill á kvöldin.

Borðapantanir í síma 456 4111
Tónleikarnir eru aðeins fyrir matargesti

Opið um páska alla daga frá kl. 11:30 til 23:00
Grillið lokar kl. 21:00

Hótel Ísafjörður hf

Páskahelgin í Bolungarvík

Njóttu hennar með okkur!

VIÐBURÐIR:

Miðvikudagur
13:00 Páskaleikur á Náttúrugripasafninu.

Skírdagur
10:00 Samflot í Sundlauginni.
13:00 Páskaleikur á Náttúrugripasafninu.
20:00 Kótilettu- og hæfileikakvöld í Félagsheimilinu.

Föstudagurinn langi
11:00 Lesið úr Passíusálmunum í Hólskirkju.
14:00 Tónlist í vatni í Sundlauginni.

Laugardagur
12:00 Arna kynnir laktósafríar mjólkurvörur.
13:00 Páskaleikur á Náttúrugripasafninu.

Páskadagur
10:00 Samflot í Sundlauginni.

Sundlaug Bolungarvíkur

– Musteri vatns og vellíðunar
Sundlaug og þrekloft.
Opið virka daga í dymbilviku fyrir almenning frá kl. 06-21:00.
Opið alla daga um páska frá kl. 10:00-18:00.

Gufa
Kvennagufa á skírdag frá kl. 16:00-18:00
og laugardag kl. 13 til 15:30.
Karlagufa á föstudaginn langa frá 16:00-18:00
og laugardag 15:30 til 18:00.
Gufubað opið fyrir **almenna sundlaugargesti** á páskadag
og annan í páskum frá 10:00-18:00.

VERSLUN OG ÞJÓNUSTA

Bjarnabúð
Opið skírdag kl. 10:00-18:00, föstudaginn langa kl. 12:00-18:00,
laugardag 10:00-18:00, páskadag kl. 12:00-18:00
og annan í páskum kl. 12:00-16:00.

Geiri á Sjoppunni
Opið kl. 10:00-22:00 alla daga um páskana.

Samkaup Úrval Bolungarvík
Opið miðvikudag kl. 10:00-18:00, skírdag kl. 13:00-17:00,
föstudaginn langa kl. 13:00-17:00, laugardaginn kl. 12:00-18:00,
páskadag kl. 13:00-17:00 og annan í páskum kl. 13:00-17:00.

Áætlunarferðir milli Bolungarvíkur og Ísafjarðar

Flugrúta 892-1417
Virka daga: Bol-Ísa 07:30, 13:00 og 16:30: Ísa-Bol 14:00 og 18:00
Auk þess fer flugrútan í öll flug.

Sérstök páskaáætlun Bolungarvík Sundlaug og Ísafjörður Hafnarbúðin.

Skírdagur	**Laugardagur fyrir páska**
Bol-Ísa 14:00 og 24:00	Bol-Ísa 12:00, 16:00 og 20:00
Ísa-Bol 14:30 og 24:30	Ísa-Bol 12:30, 16:30 og 00:30
Föstudagurinn langi	**Páskadagur**
Bol-Ísa 14:00 og 20:00	Bol-Ísa 14:00 og 18:00
Ísa-Bol 14:30 og 00:30	Ísa-Bol 14:30 og 18:30

BOLUNGARVÍK

Krossgátan

	BÝTTI	HLEKKIR	UPPFYLLA	TVEIR		FLÝTIR	NIÐRA
SLÍÐUR							
TÖNG					HAF / BOLUR		
FAG				ARR / SANN-FÆRINGAR			
TILDUR / LJÚKA UPP						ÁTT	
	↓	VERKFÆRI	POTA / STRÍÐNI				SVAKA / KYNJA-SKEPNA			
REIÐ-MAÐUR					FUGL / SÆEGG				GEÐ
LÖGUR					RÍKI Í ARABÍU / GLJÁHÚÐ				VARNINGUR	
FRÁ			HELBER / HARMA					HÆTTA / BLÁSA		
FLAN				UMFRAM				ÓVILD / FUM		
HYGGJA				PRÍL / ÚTLIMUR						KVÍSL
		ÞÖKK / FLÆKJA					KAUP-BÆTIR / BÁTUR			
HÆRRA					ÓSVIKINN / HLÝJA				INNIHALD	
TVEIR EINS			GRÚA / RAUS					KK NAFN	TVEIR EINS / PILI	
FUGL						MARÐAR-DÝR				
ÁVÖXTUR						ELDSTÆÐI				
STÍGANDI				ÚTSKOT						

Sportið í beinni...

fimmtudagur 17. mars
17:55 B Leverkusen - Villarreal
18:00 Golf - PGA Tour
18:50 KR - Víkingur R.
19:00 Dominos deild karla
20:00 Sevilla - Basel
(Opin dagskrá)
20:00 T Hotspur - B Dortmund
20:00 Man United - Liverpool
föstudagur 18. mars
18:00 Golf - PGA Tour
18:30 Dominos deild karla
19:40 Middlesb - Hull City
21:10 Dominos deild karla
00:30 D Mavericks - GS Warr
03:00 Formúla 1: Æfing - Ástr
laugardagur 19. mars
06:00 Formúla 1: Tímataka
12:35 Everton - Arsenal
14:25 FC Köln - B Munchen
14:50 Chelsea - W Ham Utd
14:50 WB Albion - Norwich
14:50 Watford - Stoke City
14:50 CrPalace - Leicester City
16:25 Dominos deild kvenna
16:30 Golf - PGA Tour
17:20 Swansea C - Aston Villa
19:40 Roma - Inter
03:00 UFC: Hunt vs. Mir
sunnudagur 20. mars
13:20 Southampt - Liverpool
13:20 Newc Utd - Sunderland
13:55 Torino - Juventus
13:55 Sassuolo - Udinese
14:55 Villarreal - Barcelona
15:50 Man City - Man United
15:50 T Hotspur - Bournemth
16:25 Augsburg - B Dortmund
16:30 Golf - PGA Tour
16:50 Þróttur R. - FH
19:00 Dominos deild karla
9:25 Real Madrid - Sevilla
19:40 AC Milan - Lazio
05:00 Formúla 1: Keppni Ástr.
mánudagur 21. mars
18:30 Dominos deild karla
21:00 Messan
21:10 Dominos körfuboltakv.
þriðjudagur 22. mars
19:10 Dominos deild kvenna
miðvikudagur 23. mars
18:50 ÍA - KR
19:00 Dominos deild karla
21:00 WGC: Dell Match Play

Helgarveðrið

Á fimmtudag og föstudag:
Sunnan- og suðaustan 3-10 m/s og léttskýjað, en skýjað með köflum V-lands.
Hiti 2 til 8 stig yfir daginn.

Á laugardag og sunnudag:
Vestlæg átt, 5-13 og rigning eða súld en hægari suðlæg átt og bjartviðri austantil.
Hiti 2 til 6 stig.

BÍLAVERIÐ ehf
Hjólbarðaþjónusta
Smurþjónusta
Smáviðgerðir
Sindragötu 14 • 400 Ísafirði
Sími 456 3501 • www.bilaverid.is

H.V. UMBOÐSVERSLUN ehf
Suðurgötu 9 • 400 ísafjörður • Sími 456 4666 • Netfang hekla.vestfj@hafsteinn.is
HEKLUSALURINN
Nýir bílar og notaðir
Þjónusta í heimabyggð frá1983

Lausn á síðustu krossgátu

				HÁMA	KRYDD	ÓSVIKINN		RÓMVERSK TALA	AGAÐUR	FÆÐA
			GAMNA	S	K	E	M	M	T	A
			YFIR-BREIÐSLA	L	A	K	POKA / ÓBEIT	M	A	L
			ARÐA	A	R	T	A	SKÖLI / KUNNÁTTA	M	A
			GJALD-MIÐILL / ÞUS	F	R	A	N	K	I	OFAN
	↓	RUNNI	LEYFI / LISTA-MAÐUR	F	R	Í	FIÐUR / SVALI	D	Ú	N	N
SKÍTUR	M	Y	K	J	A	VIÐSKIPTA-VINUR / SKARÐ	K	Ú	N	N	I
HAKA	Á	L	K	A	ALMÆTTIS / GELDA	G	U	Đ	S	RÍKI	Đ
TVEIR EINS	L	L	MJÓLKVI / AÐRAKSTUR	S	V	I	L	TUGUR / TIGNA	T	Í	U
SKJÓN	M	I	S	BYLGJA / ASI	A	L	D	A	TVEIR EINS / RÖÐ	R	R
FUGL	H	R	A	F	N	SJÁ EFTIR / GOLA	I	Đ	R	A	OTA
	L	REKALD / KVIKMYND	F	L	A	K	LAMPI / TITTUR	L	U	K	T
UPPFYLLA	E	F	N	A	ÁN / HYGGJAST	U	T	A	N	ÓHREINKA	R
TVEIR	I	I	UNAÐUR / KERALDI	S	Æ	L	A	MJAKA / EINKAR	A	K	A
HALLI	F	L	Á	GLATA / MÁLMUR	T	A	P	A	UTAN / TAUMUR	Á	N
UTANMÁL	U	M	M	Á	L	ÁVÖXTUR	P	L	Ó	M	A
SÖNGLA	R	A	U	L	A	SLÆMA	I	L	L	A	

Sudoku þrautir

	7	4	9		2	5	3	
	6	2	8					4
	8		4	1	7	9	6	2
		7		2				6
4	5				9	2		
	2				6		5	1
	3			5			4	9
		5	2		3	8		7
	9				4			5

				3		1		
		4	1					8
	1	2				7		
1				8		9		2
			3					
	8		4		5		7	
	2		6					9
8					2		5	4
9				1				

Háskólasetur Vestfjarða
University Centre of the Westfjords

SIT Study Abroad
a program of World Learning

www.uw.is

Vertu með!

Viltu eignast nýjan fjölskyldumeðlim í 2 vikur í sumar, uþb. 18. júní - 4. júlí 2016?

Háskólasetrið er að leita að gestgjöfum.

Upplýsingar veita Pernilla Rein, verkefnastj., pernilla@uw.is s. 820-7579 og Astrid Fehling, fagstjóri astrid.fehling@sit.edu s. 692-6178

smáar

Skemmtikvöld Lions verður haldið föstudaginn 18. mars n.k. að Hlíf og hefst kl. 19.30. Allir eldriborgarar eru hjartanlega velkomnir. Lionsklúbbur Ísafjarðar.

Dagar Íslands

20. mars 1982:
Fokkerflugvél með ónýtan hreyfil og laskaðan hjólabúnað nauðlenti á Keflavíkurflugvelli eftir að sprenging varð í hreyflinum skömmu eftir flugtak á Ísafirði. Engin slys urðu á fólki.

Auglýsingasími bb.is er 456 4560

Fréttir og upplýsingar um réttindi og kjör á vinnumarkaði
www.verkvest.is
VERK VEST

ENDURSKOÐUN VESTFJARÐA ehf
Sími í Bolungarvík 450 7900
Sími á Ísafirði 450-7910
Aðalstræti 19, 415 Bolungarvík • Hafnarstræti 9, 400 Ísafjörður

ÞETTA VERÐUR EKKERT AUÐVELDARA.
ÞÚ VERÐUR BARA BETRI.
MEIRI ÁTÖK. MEIRI HLEÐSLA. MEIRI ÁRANGUR.
KOLBEINN SIGÞÓRSSON, LANDSLIÐSMAÐUR Í KNATTSPYRNU
HLEÐSLA
ÍÞRÓTTADRYKKUR
100%
HÁGÆÐA
PRÓTEIN
ÍSLENSKA/SIA.IS/MSA 78787 03/16

HVER SEM ÍÞRÓTTIN ER, ÞÁ ER MARKMIÐIÐ ALLTAF AÐ VERÐA BETRI.
HLEÐSLA ER ÍÞRÓTTADRYKKUR ÚR NÁTTÚRULEGUM ÍSLENSKUM HÁGÆÐAPRÓTEINUM SEM BYGGIR UPP VÖÐVANA.
MEIRI ÁTÖK. MEIRI HLEÐSLA. MEIRI ÁRANGUR.

HLEDSLA.IS